



110. fundur Stúdentaráðs

Fimmtudagur 11. apríl 2024 kl. 17:00

Fundarritari: Hanna Karin

Mættir: Silja Rún (forseti), Hanna Karin (varaforseti), Ragnheiður Rós (fjármálastjóri), Kristbjörg, Karen Ósk, Hulda, Páll, Gissur, Una, Rakel, Bryndís, Katrín Agnes (kumpáni), Jón (teams), Margrét Lillý (teams), Brynjar (teams)

Fundur settur: 17:03

Dagskrá 110. fundar Stúdentaráðs

1. Undirritun trúnaðaryfirlýsinga
 - Öll sem mættu á fundinn (á staðnum) skrifuðu undir trúnaðaryfirlýsingu. Öll í stjórn aðildarfélaga þurfa að gera slíkt hið sama.
 - Þau sem hafa áður skrifað undir trúnaðaryfirlýsingu þurfa ekki að gera aftur.
2. Starfsárið fram undan
 - a. Fundartími stúdentaráðs

- Fundartími gamla stúdentaráðs var annar fimmtudagur í mánuði klukkan 17:00. Lagt var til að halda næstu tvo stúdentaráðsfundi klukkan 16:30 og í haust verði síðan endurskoðað hvort sá tími henti eða ekki.
- Maí fundurinn er skráður í miðri prófatíð en öll voru sammála um að kjósa nýjan tíma.
 - b. Starfsáætlun SHA
- Silja kynnti stúdentaráði fyrir starfsáætlun SHA. Í ár verður smá breyting á nýnemadögum sem verða haldnir í vikunni 26. -30. ágúst. Hug- og félagsvísindadeild verða á þriðjudeginum og Raunvísinda- og Heilbrigðisdeild á fimmtudeginum. SHA stendur fyrir ratleik í lok beggja þessara daga. SHA heldur nýnema party á fimmtudegi um kvöldið. Á föstudeginum er móttaka skiptinema og verður haldið sér nýnema party fyrir þau um kvöldið.
- Sprellmót verður haldið 20. September, Prófloka party verður um miðjan desember, Stóra Vísó er síðustu helgina í janúar og Árshátíðin verður haldin 22. febrúar.
- Í ár verður einnig reynt að auka við fjölskylduviðburði og er sá fyrsti á dagskrá í júní.
- Svo verða aðrir viðburðir eins og Bingó, Jólabíó, Halloween party einnig á dagskrá.

c. Starfs- og fjárhagsáætlanir aðildarfélaga og fastanefnda

- Aðildarfélög og fastanefndir þurfa að búa til starfs- og fjárhagsáætlanir. Við miðum við að þetta sé klárt fyrir næsta stúdentaráðsfund sem haldinn verður um miðjan maí.

3. Verklagsreglur kynntar

- Hvetjum öll til að skoða verklagsreglurnar vel og koma með breytingartillögur ef við á. Þessar verklagsreglur koma inn á það hvað er ætlast af viðkomandi í ákveðinni stöðu.

4. Fjárhagsáætlun SHA 2024-2025

- Ragnheiður fjallaði um fjárhagsáætlunina og lýsti yfir þær litlu breytingar sem urðu frá árinu á undan.
- Fjárhagsáætlun var samþykkt af fundarmeðlimum (15 talsins).

5. Önnur mál

- a. Námskeiðsmat var að hefjast. Lagt til að aðildarfélög hvetji sína meðlimi til að taka þátt því SHA ætlar að hafa keppni milli sviði. Það svið sem verður með hæsta svarhlutfallið vinnur pizzaveislu í boði SHA.
- b. Kosið var um það hvort stúdentaráði myndist í lagi að forseti Eirar sé búsettur fyrir sunnan þó hann sé í stúdentaráði. Samþykkt einróma.
- c. Breytingatillögur stúdentaráðs að verkferlum vegna ritstuldar. Silja útskýrði fyrir núverandi stúdentaráði að Lilja Margrét sé búin að vinna hörðum höndum í þessu máli. Stúdentaráð fær sólarhring til þess að kynna sér þessar tillögur og kjósa inn á teams.

Fundi slitið: 18:06

Eftir að fundi var slitið fór Hanna yfir Teams rás SHA. Nokkrir aðilar höfðu aldrei notast við Teams og því farið yfir nokkur atriði hvað forritið hefur að geyma.